

KOSNING UM SAMEINGU

TÁLKNAFJARÐARHREPPS OG VESTURBYGGÐAR



— 9. til 28. október 2023 —

Sveitarstjórnir Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar hafa samþykkt að efna til kosninga um sameiningu á meðal íbúa og skal henni ljúka þann 28. október 2023.

Sameining sveitarfélaganna yrði mikið framfaraskref en þannig verður til öflugt sveitarfélag með sterkari rödd og öflugri rekstrargrundvöll sem bætir þjónustu við íbúa.

Markmið sameiningarinnar er að bæta þjónustu, efla stjórnsýslu og auka slagkraft til að ná árangri í byggða-, atvinnu- og samgöngumálum.

Kosningarnar eru bindandi og þarf meirihluta samþykki íbúa hvors sveitarfélags fyrir sig til þess að af sameiningu verði.



Sveitarfélögin eiga nú þegar í góðu samstarfi þegar kemur að þjónustu við íbúa. Má þar meðal annars nefna samstarf um velferðar- og fræðslumál.

Sameinað sveitarfélag gefur tækifæri til rekstrarhagræðis sem eykur svigrúm til að bæta þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.

Ítarlegri kynningu og forsendur fyrir sameiningu má nálgast á vefsíðunni www.vestfirðingar.is

Þetta kynningarrit byggir á skýrslu samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna, sem byggð var á vinnu og niðurstöðum starfshópa og íbúafunda.

VIÐ VILJUM AÐ ALLAR RADDIR HEYRIST!

Í júní voru haldnir íbúafundir þar sem kynnt voru drög að stöðugreiningu og forsendum fyrir sameiningu. Þessir fundir heppnuðust einstaklega vel og nú ætlum við að endurtaka leikinn.

Íbúar eru hvattir til að mæta og láta sína skoðun í ljós. Á fundunum verður farið stuttlega yfir forsendur sameiningar og svo verður opið fyrir spurningar.



BARDASTRÖND

Birkimelur á Barðaströnd
Þriðjudaginn 3. október kl. 16:00

PATREKSFJÖRÐUR

Félagsheimili Patreksfjarðar
Þriðjudaginn 3. október kl. 20:00

TÁLKNAFJÖRÐUR

Íþróttamiðstöðin á Tálknafirði
miðvikudaginn 4. október kl. 20:00

BÍLDUDALUR

Baldurshagi á Bíldudal
fimmtudaginn 5. október kl. 20:00



Please visit our website www.vestfirðingar.is for information about the proposed unification in October.



Informacje na temat proponowanego zjednoczenia w październiku można znaleźć na naszej stronie internetowej www.vestfirðingar.is

FÁMENN PLÁSS EN



STERK

SAMGÖNGUMÁL

Öruggt flæði íbúa milli byggða- og atvinnusvæða er grundvallarforsenda fyrir áframhaldandi þróun landshlutans.

Aukið umferðaröryggi með bættum samgöngum er gríðarlega mikilvægt fyrir framtíð sameinaðs sveitarfélags.

Núverandi ástand vega er slæmt og nauðsyn að fá Suðurfjarðagöng sem tengja saman byggðakjarnana Patreksfjörð, Tálknafjörð og Bíldudal.


Miklar fjarlægðir eru á milli bæja og aðgengi að þjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu, er ekki eins og best verður á kosið. Þetta leiðir til mikils kostnaðar fyrir íbúa og fyrirtæki.

Mikilvægt er að komi fram aðgerðaáætlun

um hvað verður gert þar til jarðgöng verða opnuð og hvaða umbætur verði á vetrarþjónustu og viðhaldi á komandi misserum til að tryggja öryggi íbúa við leik og störf.

BETRI VEGI!

PETTA
ER AGALEGT!



HEIMASTJÓRNIR

Tilgangur og markmið heimastjórna er að standa vörð um og varðveita sérstöðu hvers samfélags fyrir sig. Megináhersla er lögð á raunveruleg áhrif íbúa á framgang mála og ákvörðunartökur sveitarfélagsins. Heimastjórnir sjá um umhverfismál, græn svæði og leiksvæði auk þess að taka virkan þátt í skipulagningu frístunda-, menningar- og félagsstarfs svæðanna. Í heimastjórn hvers svæðis fyrir sig sitja tveir fulltrúar kosnir af íbúum þess svæðis og einn fulltrúi úr sveitarstjórn. Með þessu fyrirkomulagi er bein og milliliðalaus tenging við sveitarstjórn tryggð. Heimastjórn hefur umsagnarrétt og getur með ályktunum komið málum á dagskrá sveitarstjórnar.





PENINGAHLIÐIN:



MEIRA FJÁRMAGN
FRÁ RÍKINU

AUKIÐ SVIGRÚM
TIL FJÁRFESTINGA



STERKARI SAMAN – FJÁRMÁL SAMEINAÐS SVEITARFÉLAGS

Sameinað sveitarfélag leiðir til sterkari stjórnsýslu til að takast á við þau fjölmörgu verkefni sem sveitarfélög fá inn á borð til sín. Með fjölgun íbúa verður til sterkari rödd til að taka þátt í uppbyggingu samfélagsins.

Auknar tekjur og hagræðing í æðstu stjórnsýslu leiðir til þess að sameinað sveitarfélag stenst allar fjármálaeðglur sveitarstjórnarlag.

Mikilvægt er að halda áfram að eiga

25-32
MILLJÓNIR

Áætluð hækkun á árlegum framlögum úr Jöfnunarsjóði við sameiningu sveitarfélaganna.

761
MILLJÓN

Sérstök framlög greidd úr Jöfnunarsjóði vegna sameiningar.

samtal við forsvarsmenn þjóðarinnar, koma hagsmunum sveitarfélagsins á framfæri og fá þá þjónustu sem sveitarfélaginu ber.

Sterk fyrirtæki eru til staðar í sveitarfélaginu og hefur uppbygging átt sér stað í sjávartengdri starfsemi og ferðaþjónustu. Með fleiri íbúum verður til sterkari tekjugrunnur og með sérhæfðara starfsfólki

er hægt að vinna að sjálfbærum rekstri sameinaðs sveitarfélags.



AÐKOMA RÍKISINS

Ljóst er að bæta þarf helstu innviði svæðisins og má þar helst nefna samgöngur, raforku og aðgang að háhraða interneti.

Erfiðlega hefur gengið að koma helstu hagsmunamálum svæðisins í framkvæmdaáætlanir ríkisins, sem hefur neikvæð áhrif á svæðið. Jákvæð uppbygging hefur átt sér stað í tengslum við fiskeldi en á sama tíma er óvissa og stefnuleysi í málaflokknum og innviðauppbygging á svæðinu sem hefur ekki haldist í hendur við uppbyggingu fiskeldis sem atvinnugreinar.

FJÁRHAGSÁÆTLUN
OG FORGANGSRÖÐUN

Framlög úr Jöfnunarsjóði skipta sveitarfélögin miklu máli, en þau fá um þriðjung tekna sinna þaðan. Breytingar á framlögum frá Jöfnunarsjóði hafa því mikil áhrif á rekstur sveitarfélaganna.

SKULDIR OG SKULDBINDINGAR


Vísbindingar eru um að rekstur sameinaðs sveitarfélags geti staðið undir skuldbindingum og meginreglunni um ábyrga fjármálastjórn. Að teknu tilliti til sameiningarframlaga má búast við að skuldir lækki og tekjur hækki. Sameinað sveitarfélag hafi því betri forsendur til að standa undir skuldbindingum sínum og svigrúm til frekari fjárfestinga eða uppgreiðslu skulda en sveitarfélögin hafa í sitthvoru lagi.

HAGRÆÐING VEGNA FÆKKUNAR NEFNDA
OG KJÖRINNA FULLTRÚA, REKSTURS
UPPLÝSINGAKERFA OG SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTU:

65-75 MILLJÓNIR
Á ÁRI

ÁRIÐ 2022 VORU SKULDIR OG
SKULDBINDINGAR Á HVERN
ÍBÚA ÞÆR SÖMU:

2,2 MILLJÓNIR
Í HVORU SVEITARFÉLAGI



FYRIRKOMULAG KOSNINGA

Kosningarétt hafa þau sem náð hafa 16 ára aldri 28. október 2023. Norrænir ríkisborgarar hafa einnig kosningarétt ásamt erlendum ríkisborgurum sem hafa átt lögheimili hér á landi í þrjú ár samfelld þann 28. október 2023. Opnað verður fyrir uppflettingu á kjörskrá 14 dögum áður en kosning hefst á www.skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa

TÁLKNAFJARÐARHREPPUR

Frá 9. október til 27. október er kosið á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps á opnunartíma skrifstofunnar sem er eftirfarandi:

Mánudaga til fimmtudaga: 10:00–14:00

Föstudaga: 10:00–13:30

Laugardaginn 28. október verður kosið með hefðbundnum hætti í **Tálknafjarðarskóla frá 12:00–18:00**

VESTURBYGGÐ

Frá 9. október til 27. október er kosið í Ráðhúsi Vesturbyggðar á opnunartíma ráðhússins sem er eftirfarandi:

Mánudaga til fimmtudaga: 10:00–12:30 // 13:00–15:00

Föstudaga: 10:00–13:00

Laugardaginn 28. október verður kosið með hefðbundnum hætti milli 12:00–18:00 í þremur kjördeildum og þurfa íbúar að mæta á kjörstað í sinni kjördeild. Kosið verður á eftirfarandi stöðum:

Félagsheimilinu Baldurshaga - Bíldudal

Félagsheimili Patreksfirðinga - Patreksfirði

Félagsheimilinu Birkimel - Barðaströnd

ÞÓSTKOSNING OG FÆRANLEGUR KJÖRSTAÐUR

Sjái íbúi sér ekki fært að mæta á kjörstað á kjörtímabilinu er hægt að óska eftir því að greiða atkvæði sitt með póstkosningu. Slík beiðni skal berast skrifstofum sveitarfélaganna í tölvupósti eða í síma og skal taka fram hvort kjörgögn eigi að berast til viðkomandi aðila í almennum bréfpósti eða í tölvupósti. Sé kosið í póstkosningu ber íbúi ábyrgð á að koma kjörseðli á kjörstað fyrir lokun kjörstaða, 28. október kl. 18:00.



vinnustaðir og fjölmennir viðburðir geta einnig óskað eftir færanlegum kjörstað. Stað- og tímasetning færanlegs kjörstaðar verður auglýst með a.m.k. fimm daga fyrirvara á vefsíðum Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar og á síðunni vestfirðingar.is.

Beiðni um færanlegan kjörstað þarf að berast fyrir opnun kjörstaða kl. 10:00 þann 9. október 2023.

Kjörstjórn hefur ákveðið að nýta sér heimild til að vera með færanlegan kjörstað. Eigi kjósandi erfitt með að mæta á kjörstað getur hann óskað eftir færanlegum kjörstað. Íbúar í dreifðari byggðum, sjúkrastofnanir, stærri

Kjósendur í Tálknafjarðarhreppi geta sent beiðni á netfangið sameining@talknafjordur.is eða í síma 450-2500

Kjósendur í Vesturbyggð geta sent beiðni á netfangið sameining@vesturbyggd.is eða í síma 450-2300

